

Stóra Púkamótið 10 ára: Að auðga og gleðja ...

Sumarið 2004 hittust gamlir félagar á förnum vegi á Ísafirði og tóku tal saman.

Þeir höfðu orð á því að það þyrfti að skapa vettvang fyrir gamla knattspyrnu-kappa frá Ísafirði til þess að koma saman og efla í leiðinni veg knattspyrnunnar í sveitarfélaginu. Stuttu síðar ákváðu nokkrir brottfluttir Ísfirðingar að hittast vikulega til að spila knattspyrnu í Reykjavík og þróaðist þá með þeim hugmyndin um Stóra Púkamótið sem hleypt var af stokkunum sumarið 2005.



Á fyrsta mótinu sumarið 2005 mættu um 50 leikmenn, 30 ára og eldri, og álíka margir makar tóku þátt í hliðardagskrá eina góða júlíhelgi. Þetta voru bæði gamlir leikmenn ÍBÍ og annarra liða á Ísafirði, en einnig ýmsir aðrir sem hafa tengst knattspyrnumálum í bænum með einum eða öðrum hætti, auk fjölmargra gesta. Á þessu móti voru þeir einstaklingar sérstaklega heiðraðir sem náðu þeim merka áfanga að koma liði frá Ísafirði í fyrsta sinn upp í efstu deild íslenskrar knattspyrnu árið 1961.



Jói, Gummi, Halli og fleiri

Hugmyndin að þessu framtaki kviknaði sem sagt í spjalli þeirra félaga Jóhanns Torfasonar og Guðmundar Ólafssonar og hafa þeir ásamt Haraldi Leifssyni verið í forystu fyrir mótshaldinu í gegnum árin en Haraldur hefur séð að miklu leyti um utanumhald og framkvæmdastjórn. Auk þeirra hafa hafa Frímenn Sturluson og Pétur Guðmundsson einkum lagt hönd á plóginn, auk margra fleiri Harðarpúka og Vestrapúka. Pétur hefur t.d. teiknað merki mótsins.

Brottfluttir Ísfirðingar sem spila reglulega fótbolta í Reykjavík eru hér í búningum Harðar og Væstra.



Hér veita þeir Jóhann Torfason, Haraldur Leifsson og Guðmundur Ólafsson viðtöku viðurkenningu KSÍ fyrir grasrótarstarf. Með þeim á myndinni eru Geir Þorsteinsson formaður KSÍ og Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri KSÍ.



Hér tekur Pétur Sigurðsson við bikar sigurliðs úr hendi Kristins Þ. Kristjánssonar.

Framtakið hefur svo notið aðstoðar og framlags frá fjölmörgum einstaklingum og fyrirtækjum, auk mikillar velvildar frá bæjaryfirvöldum. Framtak fimm menninganna og félaga

þeirra hefur vakið athygli víða og fór svo að Knattspyrnusamband Íslands veitti framtakinu Grasrótarverðlaun KSÍ árið 2007.



Lúðvík Jónsson tekur við bikar sem besti leikmaður móts úr hendi Frímanns Sturlusonar.

Bikarar fyrir þá bestu og þrúðustu

Frá árinu 2005 hefur mótið verið haldið á hverju sumri og 40 til 70 leikmenn mætt auk maka. Yfirleitt hefur verið leikin knattspyrna síðdegis á föstudögum og laugardögum. Þá er raðað niður í sem jöfnust sjö manna lið og leikið í riðlum á gervigrasvöllinum á Torfnesi. Liðin bera nöfn gatna eða hverfishluta á Ísafirði, svo sem Dokkupúkar, Krókspúkar og Hlíðarvegspúkar.

Að mótinu loknu eru sigurvegarar krýndir og valdir þeir sem skara fram úr hvert sinn, svo sem besti leikmaður, þrúðasti leikmaður og svo framvegis. Hansína Einarsdóttir gaf farandbikar til minningar um eiginmann sinn, Kristján Jónasson, sem veittur hefur verið sigurliðinu hverju sinni, en hún og Kristján stóðu lengi í framlínu ísfriskrar knattspyrnu, innan vallar sem utan.

Ættingjar Hafþórs Sigurgeirssonar gáfu farandbikar fyrir besta leikmann mótsins, en Hafþór tók þátt í fyrsta mótinu en lést stuttu síðar af slysförum á sjó.

Ættingjar Guðmundar Jóhannssonar gáfu farandbikar fyrir þrúðasta leikmanninn hverju sinni. Guðmundur lék með meistaraflokki ÍBÍ í kringum 1980 en lést langt um aldur fram árið 1998.





Magni Pétursson var fyrstur valinn þrúðasti leikmaðurinn og er hér á milli sona Guðmundar Jóhannssonar, þeirra Jóhanns Tómasar, til vinstri, og Tryggva Snæs.



Björn Helgason, Pétur Sigurðsson og Jens Kristmannsson fengu gullmerki Púkamótsins.

Fjölmarginir heiðraðir

Fjölmarginir einstaklingar hafa hlotið áðurtalda bikara síðustu 10 árin, auk sigurliðanna. Má þar nefna gamlarnar fótboltakempur og áður efnilega leikmenn eins og Magna Pétursson, Magnús Jóhannesson, Gunnar Níelsson, Þórð Jensson, Guðlaug Gunnarsson, Bjarnþór Sverrisson, Pétur Guðmundsson, Hannes Hrafn Haraldsson og Sigurð Pétursson.

Á mótinu hafa jafnframt ýmsir verið heiðraðir og þeim þakkað fyrir framlag sitt til knattspyrnunnar á Ísafirði. Meðal þeirra sem hafa verið heiðraðir og þeim þakkað fyrir mikið og óeigingjarn starf í þágu knattspyrnunnar voru þeir af aðalförystu-

mönnum knattspyrnu- og íþróttamála á Ísafirði síðustu 50 árin, þeir Jens Kristmannsson, sem lengi var formaður Harðar, Pétur Sigurðsson, sem lengi var formaður Vestra, og svo Björn Helgason, sem var lengi í forystu sem leikmaður, þjálfari og íþróttافرömuður í bænum. Þeir voru allir heiðraðir með gullmerki Stóra Púkamótsins á tíu ára afmæli þess á síðasta ári.

Næst á dagskrá er að heiðra þá leikmenn sem komu liði Ísafjarðar aftur í efstu deild íslenskrar knattspyrnu árið 1981.

Fiskréttaveisla Ólafsdætra

Að sjálfsögðu hefur veisla og skemmtun einnig verið fastur liður

þar sem systurnar Margrét, Elín og Hugljúf Ólafsdætur hafa borið fram gómsæta fiskrétti úr besta hráefni frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru hf. Að sjálfsögðu hefur annáluð þjónusta Tjörnhússins, Edinborgarhússins og fleiri staða einnig verið nýtt, bæði í tengslum við veislur og skemmtanir.

Styrkir veittir

Samtímis knattspyrnuiðkuninni og því að húa saman gömlum og yngri knattspyrnukempum hefur fé verið safnað til að styrkja knattspyrnustarfið á Ísafirði, einkum þjálfun barna og unglunga. Um fjórum milljónum króna hefur verið veitt til uppbyggingar á Ísafirði. Þar hefur þjálfun barna og unglunga verið styrkt, en einnig tækja kaup og verklegar framkvæmdir. Meðal þess sem hefur verið styrkt er gerð sparkvallarins við Grunnskóla Ísafjarðar, en Ísafjarðarbær og Knattspyrnusamband Íslands styrktu einnig þá framkvæmd.

Bestu knattspyrnumenn Ísafjarðar

Árið 2009 var efnt til kosningar um fremsta knattspyrnumann Ísafjarðar á síðustu öld. Þeir voru tilnefndir, þ.e. Halldór Sveinbjarnarson sem lék aðallega með Herði um miðbik aldarinnar, Björn Helgason, sem lék m.a. með Vestra, ÍBÍ, Fram og íslenska landsliðinu upp úr miðri síðustu öld og svo Ómar Torfason,



Hér eru ungir knattspyrnumenn á Ísafirði að vígja sparkvöllinn við Grunnskóla Ísafjarðar með aðstoð Halldórs Halldórssonar, þáverandi bæjarstjóra og Haraldar Leifssonar.



Bestu knattspyrnumenn Ísafjarðar fyrr og síðar ásamt eiginkonum sínum: Frá vinstri eru Ómar Torfason, Sigurlaug Hilmarsdóttir, eiginkona Ómars, María Gísladóttir, eiginkona Björns Helgasonar og svo Björn.

sem lék með Vestra, ÍBÍ og Fram, en hann lék einnig 39 leiki með A-landsliði Íslands frá 1981 til 1990. Kosningin fór fram á heimasíðu Púkamótsins, www.pukamot.is, og fór svo eftir æsispennandi kosningu að Ómar Torfason og Björn Helgason urðu jafnir.

Nokkrar slitnar hásinar, lausir liðir...

Tilgangur með því að kalla gamlar fótboltakempur saman er auðvitað öðrum þæði að efla heilbrigði og þrek. Það vill þó brenna við í þeim átökum sem verða að eitthvað lætur undan. Sem betur fer hefur það ekki verið mjög alvarlegt. Þó hafa hásinar slitnað í þrjú skipti, þar af í tvö skipti



Þorsteinn Jóhannesson læknir hugar að slitinni hásin á Gunnari Bjarna Ólafssyni.



Hörður Högnason, Þorsteinn Jóhannesson og sjúkraflutningamaður hafa búnað til taks á fyrsta mótinu en mest not urðu af pökum með „koníakskraftinum“.

hjá sama manninum, Gunnari Bjarna Ólafssyni. Sagt er að báðar hásinarnar á honum séu á eftir betri en nýjar. Einn hefur farið úr axlarlið, Frímann Sturluson, bæði í keppni og á æfingum. Hefur honum verið kippt í lið bæði af útlærðum læknum og þauhvönnum áhugamönnum, auk þess sem hann hefur hrist höndina í lið sjálfur.

Þegar mótið byrjaði árið 2005 þótti vissara að hafa sjúkrabíl til taks við völlinn, en eftir að í ljós kom að það var ofrausn var látið nægja að hengja poka með „koníakskrafti“ á girðinguna við völlinn og var þeim leikmönnum sem voru aðframkomnir sökum þreytu eða slappleika gefinn örlítill skammtur úr pökum – og þeir svo sendir inn á völlinn aftur.

Elsti atvinnumaður heims

Pétur Sigurðsson, fyrrum forseti Alþýðusambands Vestfjarða og einn af öflugustu knattspyrnumönnum á Stóra Púkamótinu, undirritaði „atvinnumannasamning“ árið 2011. Hann skuldbatt sig samkvæmt samningnum til að spila á mótinu þar til hann yrði áttatíu og þriggja ára árið 2014. Pétur, sem leikið hefur í marki, hefur slegið í gegn á mótinu síðustu ár og oftast sýnt liprari takta en menn sem eru langtum yngri. Sagt var að samningurinn við Pétur hefði verið gerður til að halda meðalaldri leikmanna uppi.



Pétur Sigurðsson undirritar „atvinnumannasamning“ í viðurvist eiginkonu sinnar, Hjördisar Hjartardóttur, en Haraldur Leifsson og Frímann Sturluson fylgjast spennir með.

Barmmerki í tilefni 10 ára sögu Púkamótsins

Pétur Guðmundsson listamaður og einn af forvígismönnum mótsins hannaði barmmerki Púkamótsins í tilefni 10 ára sögu þess. Í merkinu tengir hann saman litina í búningum Harðar og Vestra, fjöllin í kringum Ísafjörð, sjóinn og sjálfan knattspyrnuvöllinn. Framleidd voru um 300 eintök í fyrstu umferð og seldust þau nánast öll á síðasta Púkamóti. Salan á merkjunum var jafnframt enn ein leiðin til að afla fjár til stuðnings ísfirskri æsku.



Framtíðin

Nú eru tíu ár liðin síðan fyrsta mótið var haldið. Það er því komin reynsla á þetta og mótið er orðinn fastur liður í viðburðadagskrá sumarsins á Ísafirði. Þátttakendur í heild með leikmönnum og gestum hafa verið í kringum eitt hundrað í hvert sinn og þeir sem koma lengra að nota jafnan tækifærið og dvelja á Ísafirði og í nágrenni í lengri eða skemmri tíma. Félagar koma því vestur, ekki aðeins til að leika knattspyrnu, heldur ekki síður til að hitta gamla kunningja og njóta þess sem Ísafjörður hefur upp á að bjóða.

Þetta hefur því verið ágætis viðbót við hina ýmsu viðburði sem verið hafa í gangi á Ísafirði og í nágrenni til þess að styrkja ferðapjónustu og tengda starfsemi. Aðaltilgangurinn er þó að stuðla að því að æskufólk á Ísafirði og í nágrenni geti stundað knattspyrnuæfingar við eins góðar aðstæður og unnt er og notið bestu leiðsagnar sem völ er á hverju sinni. Aðeins með það að markmiði er hægt að byggja upp framúrskarandi lið með reglulegu millibili og halda liðum frá Ísafirði í hópi bestu knattspyrnuliða á Íslandi. Sjáumst svo á næsta Púkamóti sem verður haldið dagana 26. og 27. júní í ár.

*Skrásetjari: Stefán Jóhann Stefánsson
Myndir frá bb.is og úr einkasafni.*

Hér eru myndir af ýmsum liðum á Stóra Púkamótinu í gegnum tíðina og frá ýmsum leikjum.





STÓRA PÚKAMÓTIÐ 2011
ÚRSLIT LEIKJA

LÍD	HÓLTAPÚKAR	KRÍKSTPÚKAR	ÞYRRAPÚKAR	DÖKKUPÚKAR	MÖRK	STIG
HÓLTAPÚKAR	3-2 3-3	0-1 1-3	1-1 4-0	3-4 2-4	11-8	6
KRÍKSTPÚKAR	2-2 2-3	1-1 0-2	3-0 1-0	3-0 2-4	12-8	12
ÞYRRAPÚKAR	1-0 3-1	0-2 1-1	6-1 2-0	2-4 2-4	13-5	13
DÖKKUPÚKAR	1-1 0-4	2-3 0-1	1-4 0-2	4-0 2-1	7-7	1

TUÖFÖLD UMFERD 2 X 10 mín.




Mynd frá uppskeruhátíð Stóra Púkamótsins sem var haldin í skíðaskálanum í Tungudal.